

ELDVARNARSTEFNA NORÐURORKU

Stefna þessi er sett til að tryggja öryggi starfsfólks og viðskiptavina Norðurorku, ásamt því að vernda fyrirtækið, almenning og umhverfið með því að viðhafa virkar eldvarnir. Þær eiga að bæta viðbragðsgetu ef eldsvoði eða eldhætta kemur upp, draga úr líkum á hvers lags tjóni og að lágmarka allan skaða sem atburðurinn veldur. Stefnan nær til allrar starfsemi Norðurorku, á öllum starfssvæðum fyrirtækisins.

Til að ná fram markmiðum þessarar stefnu mun Norðurorka:

- Fylgja þeim kröfum sem fram koma í lögum og reglugerðum er varða eldvarnaeftirlit s.s. byggingareglugerð nr. 112/2012, lög um mannvirki nr. 160/2010 og rg. nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.
- Viðhafa fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða og/eða hindra útbreiðslu elds. Svo sem að greina og draga úr eldhættu í samvinnu við starfsfólk og eftir atvikum utanaðkomandi ráðgjafa. Ásamt því að veita starfsfólki fræðslu um grunnatriði eldvarna.
- Fela eldvarnafulltrúa að framkvæma bæði mánaðarlegt sem og árlegt eldvarnaeftirlit samkvæmt gátlistum og gera úrbætur í samræmi við ábendingar.
- Fela öryggisnefnd að framkvæma eldvarnaeftirlit tvisvar sinnum á ári, annars vegar á starfsstöð NO að Rangárvöllum og hins vegar á öðrum starfsstöðvum fyrirtækisins.
- Hafa ávallt í gildi rýmingaráætlun, uppfæra hana eftir þörfum og æfa reglulega, eigi sjaldnar en árlega.
- Viðhalda þeim kröfum sem gæðakerfi og vottanir Norðurorku setja og þeim eldvarnarþáttum sem innifaldir eru í gæðastjórnun fyrirtækisins.
- Gæta að því að eldvarnir séu ávalt hluti af fjárhagsáætlun Norðurorku og að fjármagn til uppsetningar og endurnýjunar nauðsynlegra eldvarna sé ávallt tryggt.

Framkvæmd eldvarnastefnu er á ábyrgð forstjóra eða annara starfsmanna sem hann felur slíka ábyrgð. Eldvarnarstefna fyrirtækis er kynnt fyrir öllu starfsfólki og lögð er áhersla á, að það sé á ábyrgð alls starfsfólks að hafa eftirlit með eldvörnum í daglegu starfi.